



1652. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
28.11.2018, kl. 11:30

1. Fundargerð 1651. fundar

Samþykkt.

2. Reykjavíkurleikar

Kjartan sat þennan lið fundarins og fór ásamt framkvæmdastjóra yfir stöðuna í undirbúningnum. Að óbreyttu verður ekki aðalstyrktaraðili fyrir leikana í ár. Skipulagið taki mið af þeirri stöðu. Rætt um að rafíþróttaviðburður verði haldinn „off venue“ á vegum m.a. nýstofnaðs Rafíþróttasambands Íslands. Samþykkt að senda erindi til Skóla- og frístundasviðs og Menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs vegna þessa hluta.

3. Bláfjallaganga

Tillaga að samstarfi Ulls og ÍBR um Bláfjallagöngu 30. mars 2019 lögð fram, rædd og samþykkt. Miðað við 200 þátttakendur á viðburðurinn að standa undir sér. Aðkoma skíðaráðs verði skoðuð.

4. Íþróttafólk Reykjavíkur

Kjartan sat þennan lið fundarins og fylgdi úr hlaði fyrirliðgjandi upplýsingum um árangur einstaklinga og liða á árinu. Stjórnarfolk skoði betur fyrir næsta fund. Athöfnin verður í Ráðhúsi Reykjavíkur 13. desember nk.

5. Dansfélagið Bíldshöfði

Farið yfir stöðuna varðandi húsnæðismál félagsins. Samþykkt að vinna áfram að lausn. Þessu tengt verði styrkir greindir ítarlegar.

6. Afmæli TBR

Félagið er 80 ára. Formaður mun afhenda peningagjöf í samræmi við viðmiðunarreglur þar um.

7. Ráðstefna #Meetoo

Verður haldin í tengslum við Reykjavíkurleikana. Samþykkt að undirbúningshópurinn haldi áfram sínu góða starfi og taki mið af þeim ábendingum sem hafa komið fram.

8. Glímufélag Reykjavíkur

Frestað.

9. Stefnumótun Mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttamálum

Lagt fram. Umræður um stefnuna og þær umsagnir sem hafa borist. Kom m.a. fram að fyrirvarinn til að veita umsagnir var mjög stuttur og frekara samráð hefði verið æskilegt.

10. Formannafundur ÍSÍ

Var haldinn 16. nóvember sl. Formaður greindi frá því helsta m.a. varðandi lagamál og aðstöðumál landsliða.

11. Önnur mál

Ekkert rætt undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 13:10.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari